

Ár 2008, fímmudaginn 7. febrúar, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og ólympíusambands Íslands haldið af Halldóri Halldórssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 5/2007

Lyfjaráð ÍSÍ

gegn

Hrólfi Gíslasyni

Í málínu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er höfðað með kröfu Lyfjaráðs Íþróttá- og ólympíusambands Íslands dagsettri 15. janúar sl. og móttkinni af skrifstofu Íþróttá- og ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) sama dag.

Kærður er Hrólfur Gíslason, skráður félagi í skautafélaginu Björninn í Reykjavík.

Kröfur kæranda. Þess er krafist að Dómstóll ÍSÍ úrskurði nefndan leikmann í bann við þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda innan þeirra.

Mál þetta var sent Halldóri Halldórssyni dómarí í Dómstól ÍSÍ fékk þennan þátt málsins til meðferðar sama dag og kæra barst.

Í málínu hafa eftirtalin skjöl verið lögð fram. Nr. 1 krafa um bráðabirgðabann. Nr. 2 listi yfir bönnuð efni. Nr. 3 bréf Karolinska Universy hospital dags. 19. desember sl. Nr. 4 listi yfir leikmenn meistaraflokks karla varðandi skautafélagið Björninn. Nr. 5 kæra Lyfjaráðs ÍSÍ. Nr. 6 skýrsla Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ.

II

Í kæru kemur fram að kærði hafi gefið sýni við lyfjaeftirlit 28. nóvember 2007 að loknum leik Bjarnarins við Skautafélag Reykjavíkur á íslandsmótinu í íshokkí. Niðurstöður rannsóknar sýnisins hafi leitt í ljós að það innihélt 3-OH-Stanozolol 207 ng/ml. (Niðurbrotsefni Stanozolol.) 16b-OH-Stanozolol 142 ng/ml. (Niðurbrotsefni

Stanozolol) Drostanolone- 217 ng/ml. Kærandi segir að hér sé um að ræða niðurbrotsefni sterans Stanozolol og sterans Drostanolone en þessi efni sé bannað að nota bæði við æfingar og keppni samkvæmt lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir.

Í samræmi við ákvæði greinar 27.5 var kærða gefinn kostur á að halda uppi vörnum í málínu og skila greinargerð en það gerði hann ekki. Jafnframt var kærði boðaður til þinghalds er málið var tekið fyrir 4. þessa mánaðar en hann sótti ekki þing og boðaði ekki lögmæt forföll. Þar sem útivist varð af hálfu kærða krafðist kærandi þess að málið yrði tekið til dóms og var það gert.

III

Kærandi bendir á að samkvæmt grein 43.2. í lögum ÍSÍ þá gildi bannlisti WADA innan ÍSÍ og eigi þannig við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. grein 43.3.a. Samkvæmt ákvæðum greinar 44.1 sé lyfjamisnotkun bönnuð og að brot teljist framið ef efni sem er bannað samkvæmt lista WADA, finnst í líkama eða líkamsvökum íþróttamanns við lyfjaeftirlit, grein 44.1.a. Kærandi telur sannað að kærði hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun. Hvað refsingu varðar vísar kærandi til 45.4. gr. í nefndum lögum ÍSÍ. Kærandi vísar til þess að samkvæmt nefndri grein 45.4 skuli refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlutgegni til þáttöku í æfingum, keppni og sýningum innan íþrótt-hreyfingarinnar. Kærandi bendir á að samkvæmt grein 45.7 sé heimilt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að beita vægari refsingum ef brot varða efni sem veruleg hætta er á að íþróttamenn misnoti án ásetnings eða líkur eru ekki miklar á að þau verði misnotuð á árangursríkan hátt og sérstaklega eru tilgreind þannig á bannlista WADA. Stanozolol og Drostanolone séu ekki meðal þeirra efna og því ekki heimili grein 45.7 ekki að refsing sé milduð við notkun þessara efna. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að nefnd grein 45.7 skipti ekki máli við úrlausn máls þessa.

Að mati kæranda er nauðsynlegt að þeir sem gerast sekir um misnotkun lyfja gegni ekki trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar á sama tíma og þeir eru í æfinga og keppnisbanni. Þá telur kærandi að slíkt bann sé til þess fallið að auka traust almennings á íþróttahreyfingunni. Af þessum sökum krefst kærandi þess að dómurinn banni kærða að gegna trúnaðarstörfum innan ÍSÍ.

IV

Þess er áður getið að kærði hefur ekki látið málið til sín taka.

Af gögnum málsins verður ráðið að kærði neytti þeirra efna sem fundust í sýni er hann gaf við lyfjaeftirlit og áður hafa verið nefnd. Stanozolol og Drostanolone eru á bannlista WADA og því telst sannað að kærði hefi gerst sekur um brot á grein 44.1.a í lögum ÍSÍ. Samkvæmt ákvæðum greinar 45.4. laga ÍSÍ skal refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Kærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um misnotkun lyfja. Samkvæmt framanrituðu ber að fallast á kröfu kæranda um tveggja ára keppnisbann. Lög og reglur ÍSÍ heimila ekki að hafa bannið styttra en til tveggja ára. Bannið gildir frá 28. desember 2007 en þann dag var kærði úrskurðaður í keppnis- og æfingabann til bráðabirgða.

Í dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2003 var fallist á kröfu þess efnis að dæma einstakling, sem fallið hafði á lyfjaprófi, tímabundið til útilokunar frá trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Í nefndum dómi var því jafnframt slegið föstu að ekki þyrfti í öllum tilfellum að fara saman lengd keppnisbanns og lengd banns við því að gegna trúnaðarstörfum. Fallast ber á kröfu kæranda um að kærða sé óheimilt að gegna trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna en rétt þykir að það bann gildi til 28. desember 2009 er keppnisbann kærða fellur úr gildi.


Halldór Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan.

Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu dómsins fyrir kærða og tilkynna Skautasambandinu og félagi kærða um niðurstöðu dómsins.

DÓMSORD

Hrólfur Gíslason, er óhlutgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, sérsambanda þess og félaga eða deilda innan sérsambanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands í tvö ár frá 28. desember 2007 að telja.

Kærð er óheimilt að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félög eða deildir inna þeirra til 28. desember 2009.



Halldór Halldórsson.